

## FUM, stjórnarfundur

### Fundargerð

15. nóv 2016 (kl. 13:00-14:00)

*Mættir:* Amalía Björnsdóttir formaður FUM, Annadís G. Rudolfsdóttir, Elsa Eiríksdóttir, Guðrún Ragnarsdóttir, Sólveig Jakobsdóttir, Þorlákur Axel Jónsson.

1. *Fundargerð.* Fundargerð síðasta stjórnarfundar samþykkt.
2. *Tímaritið TUM.* Umræða um framtíðarfyrirkomulag og möguleikann að reyna að fá HA aftur inn í útgáfu tímaritsins. Spurning um að taka upp þá umræðu við nýjan sviðsforseta í HA eftir áramót. Einnig var umræða um kostnað og fyrirkomulag útgáfunnar.
3. *Kynningar á FUM og endurnýjun.* Rætt var um möguleika eins og að standa fyrir kynningum á menntarannsóknum á Íslandi með einverjum hætti, til dæmis að gera heimasíðuna að miðlægu yfirliti þeirra rannsókna sem verið er að vinna (kortlagning). Einnig ræddir aðrir möguleikar í kynningum, svo sem stuttum myndböndum þar sem rannsakendur segja frá (sett á facebook eða heimasíðu), twitter spjalli (menntaspjall), stutt umfjöllun skrifuð af stjórnarmeðlimum, eða kynningar deildarforseta á helstu rannsóknum í þeirra deild (t.d. myndbönd). Engar ákvarðanir teknar varðandi aðgerðir í þessum málum. Að lokum rætt almennt um endurnýjun stjórnar á næsta aðalfundi.

Elsa Eiríksdóttir